

Akureyrarbær
Íþrótt- og tómstundaráð
Guðný Jóhannesdóttir, formaður ÍTA.
Geislagötu 9
600 Akureyri

Akureyri 26. febrúar 2004.

Efni: Umsókn KKA Akstursíþróttafélags til Íþrótt- og tómstundaráðs Akureyrar (ÍTA) um akstursíþróttasvæði.

Ég þakka fund sem haldinn var 24. febrúar s.l.

Þar voru saman komnir fulltrúar ÍBA, BA (Bílaklúbbur Akureyrar) og KKA (KKA Akstursíþróttafélag) og svo formaður ÍTA og íþróttfulltrúi.

Á fundinum var fjallað um fyrirhugað akstursíþróttasvæði í landi Glerár.

KKA og BA hafa sótt um land til bæjarins fyrir starfssemi sína, sbr. fyrri umsóknir félaganna. BA lýsti því yfir á fundinum að þeir þyrfti að fá starfssemi KKA undir sig, þ.e. rekstur motocrossbrautar fyrir torfæru mótórhjól og snjósleða. Það væri forsenda þess að þeir gætu byggt kvartmílubraut og rekið svæðið.

Þetta er auðvitað út í hött og stingur mjög í stúf við markmið og tilgang BA, sem er skv. lögum BA þessi:

3. gr. Markmið félagsins (BA) eru:

1. Rekstur félagsheimilis
2. Keppnishald í bifreiðaíþróttum
3. Standa fyrir bílasýningum og fjölskylduskemmtun á 17. júní ár hvert
4. Safna og varðveita gamla bíla ásamt sögum og heimildum.

4. gr. Í félaginu skulu starfa deildir fyrir torfærukeppnir, sandspyrnu og kvartmílukeppnir, rally og rallycross, fornbíladeild og bílasýningardeild og skal hver deild skipuleggja og starfa að sínum málum undir stjórn tilnefnds deildarfulltrúa.

Markmið KKA er:

1. Tilgangur félagsins er að vinna að útbreiðslu og eflingu vélsleða- og vélhjólaíþróttar og skapa meðlimum þess aðstöðu til að stunda íþrótt sína á ákveðnum lokuðum svæðum, viðurkenndum af yfirvöldum.

2. Markmið félagsins er að ná til sem flestra vélsleða- og vélhjólaíþróttamanna og gefa þeim gott fordæmi um umgengni og verndun landsins.

Vitanlega mun Akureyrarbær ekki úthluta BA landi undir starfssemi KKA þannig að þessi umræða er auðvitað óskiljanleg, tilgangslaus og setti málið í biðstöðu, sem er illþólanleg fyrir KKA. Þessi krafa BA varð sem sé til þess að fundurinn 24. febr. s.l. varð kannski ekki til mikils og þessu mikilvæga hagsmunamáli klúbbanna var ekkert þokað áfram og tíma ÍTA og íþróttfulltrúa eytt til einskis. Niðurstaða fundarins var sú að fulltrúar BA og KKA voru sendir heim og ætlað að koma sér saman um þessa hluti. Í framhaldi af þessu sendi stjórn KKA einfaldlega stjórn BA bréf á

tölvupósti þann 24. febr. s.l. og spurði hvort að BA væri óhagganlegt í þeirri afstöðu sinni að vilja fá starfssemi KKA undir sig. Þessu hefur BA ekki svarað ennþá.

Stjórn KKA finnst þetta mál afar einfalt. Ef á að úthluta þessum félögum landi undir starfssemi sína þá á að gera það og helst sem fyrst. Það á hins vegar ekki einu sinni að ræða þá hugmynd að úthluta eingöngu öðru félaginu landi undir starfssemi beggja félaga.

Torfærutæki eru mjög vinsæl í landinu og er þá bæði verið að tala um vélsleða og svo motocrossið sem er mjög svo vaxandi íþróttagrein hér á landi en hefur verið gríðarlega vinsæl bæði í Evrópu og Ameríku. Til marks um vinsældir íþróttarinnar má nefna að í maí verður haldið mót á Klaustri og skráðir keppendur eru þegar orðnir 300 talsins en ekki er tekið við fleirum. Biðlistar eru hins vegar langir.

Stjórn KKA er þess fullviss að það er lyftistöng fyrir okkar alla bæjarbúa að KKA fái úthlutað svæði undir starfssemi sína. KKA mun standa fyrir starfssemi sem við getum öll verið stolt af, þarna mun verða vettvangur fyrir hjólamenn og útbreiðsla á þekkingu t.d. um landvernd, auk þess að viðburðir muni draga til sín ferðamenn til bæjarins bæði keppendur og gesti.

Við þurfum ekki að sannfæra Akureyrarbæ um þetta því tekin hefur verið ákvörðun um að KKA fái land undir starfssemi sína, það er bara spurning um nákvæmlega hvar og hvenær. Með þessu bréfi stingur stjórn KKA upp á því að það verði gert strax og svæðið verði á efri hluta landsins, sbr. síðar og meðfylgjandi kort.

Langhentugasta svæðið undir starfssemi KKA á því svæði sem afmarkað hefur verið undir akstursíþróttir er fyrir ofan efnislosunarsvæðið, sjá afmörkun á mynd. Það eru fjöldamargar ástæður fyrir þessu.

KKA þyrfti 15 ha undir sínar brautir, sem eru motocrossbraut, supercrossbraut, unglingabraut og barnabraut. Ennfremur þarf æfingasvæði, bremsu og beygjuæfingar og fleira, sbr. meðfylgjandi teikningu.

Svæðið er afmarkað og þar myndi KKA koma sér sinni aðstöðu sem er brautir, hús undir tímatökubúnað, lýsing (sérlega vegna vetrariðkunar vélsleðamanna) og hreinlætisaðstaða. Þessir hlutir eru ekki alveg innan seilingar því þetta er kostnaðarsamt. Hins vegar sjáum við að við munum ráða við að byggja brautina sjálf og koma henni upp fljótlega eftir að hægt yrði að byrja vinna á svæðinu í vor ef KKA fengi svæðið.

Samnýting með BA væri takmörkuð og ekki sérlega hentug. Lýsing yrði alltaf sérstök fyrir hvort svæði. Ekki er raunhæft að nota sama hús því ekki er hægt að fara með tímatökubúnað á milli. Hreinlætisaðstaða yrði að koma upp við svæðið.

Varðandi rekstur KKA svæðisins má nefna þetta. Áætlanir eru um að selja mánaðarpassa (límmiði á framdempara), sem munu gilda á svæði KKA. Passinn muni kosta kr. 2.500. Tekjum af þessari sölu mun verða varið í viðhald á brautinni. Það þarf að gera þjónustusamning við jarðýtu-verktaka sem mun þurfa að, slétta, laga og bæta brautina eftir þörfum.

Opnunartímar brautarinnar munu sennilega vera þessir:

Virka daga 16.00 - 21.00
 (hugsanlega verður ekki opið alla virka daga)
 Laugardaga 11.00 - 18.00
 Sunnudaga 11.00 - 18.00

Í smíðum eru reglur fyrir svæðið. Hins vegar eru eftirlitsmenn á svæðinu þeir sem eru í motocrossnefnd og stjórnarmenn KKA. Við munum virkja ennfremur alla félagsmenn í KKA til eftirlitsstarfa á brautinni. Aldrei má hjóla einn í brautinni. Varðandi girðingar þá er spurning hvaða kröfur sýslumaður gerir í því efni en við gerum ráð fyrir að þurfa að setja létta kaðlagirðingu í kringum svæðið.

Við höfum ástæðu til að ætla að við munum fá kr. 500.000 styrk frá Umhverfissráðuneytinu og ennfremur vonumst við til að fá styrk úr Pokasjóði Verslunarinnar vegna umhverfis. Á langtímaáætlun KKA hefur verið gert ráð fyrir kr. 1.650.000 til umhverfismála á svæðinu.

U m h v e r f i						
	Trjágróður	550 kr.		stk	1.100.000 kr.	
	skjól/pallettur	100 kr.		stk	50.000 kr.	
	grasfræ	100.000 kr.			100.000 kr.	
	Vinna	400.000 kr.			400.000 kr.	1.650.000 kr.

Við höfum reyndar þegar sótt um styrk úr Pokasjóði með því fororði að peningarnir séu ætlaðir til uppgræðslu á landi sem Akureyrarbær ætli hugsanlega að úthluta klúbbum en það sé ekki endanlega ákveðið enn. Þetta var gert því umsóknarfrestur rennur út 12. mars n.k. og við vildum ekki missa af þessu tækifæri í ár. Við sækjum um styrk til gerðar korta fyrir hjólamenn en KKA hefur verið að marka af þá vegi sem hjóla má. KKA hefur stranga umhverfisstefnu og eru félagar upplýstir um þá stefnu. KKA mun auðvitað ná til enn fleiri hjólamanna ef klúbburinn fær sitt eigið landssvæði og fær þá betra tækifæri til að láta gott af sér leiða í þessum efnum sem öðrum.

KKA hefur gert kostnaðaráætlun varðandi land klúbbsins (heildarkostnaður með allri aðstöðu er kr. 24 milljónir). Klúbburinn er ekki félaus en hann á ekki mikið af peningum og engan veginn neitt að ráði upp í þá kostnaðarliði sem við sjáum fram á. Við gerum okkur því fullkomlega grein fyrir því að um langtímaáætlun er að ræða. Við sjáum þó fram á, að það verði mun ódýrara fyrir klúbbin að vinna brautir og fleira á því landssvæði, sem við erum að ræða um hér heldur en niður á flatanum. Á þetta sérlega við varðandi alla jarðvegsvinnu og mótun landsins fyrir brautir og það er einmitt sá

kostnaður sem félagið verður að standa undir nú strax í vor.

Nokkra kosti viljum við nefna hér á eftir varðandi kosti efra svæðisins umfram svæðið á flatanum.

1. Náttúruleg hljóðmön.

Svæðið er í lægð sem virkar hljóðdeyfandi, sem er kostur fyrir hestamenn sem eru hinum megin við veginn og aðra bæjarbúa. Kostnaður lægri við gerð hljóðmana með jarðvegi og gróðri.

2. Jarðvegur og landssvæði.

Jarðvegur er hentugur á efra svæðinu og ennfremur lögun landsins í hæðir og hóla. Það þyrfti að aka til efni, hafa meiri jarðvegsskipti og hafa meira fyrir hlutunum á flatanum.

3. Aðkoma áhorfenda.

Hún er afar þægileg á efra svæðinu og aðstaða góð horft er niður og yfir allt svæðið.

4. Afmörkun.

Svæðið er úr sjón og afmarkað. Einfaldara er að fylgjast með og hafa eftirlit með þeim er stunda æfingar. Svæðin gætu aldrei verið mjög nálægt hvoru öðru, þ.e. BA akstursbraut og motocrossbraut.

Við erum með börn á æfingum og viljum ekki hafa þau nálægt neinum kvartmílubrautum. Það mun auka slyshættu að hafa þessi svæði á sama svæði. Bílar og börn fara ekki vel saman, á svæðinu verður bílaumferð og við viljum helst hafa hana í lágmarki í kringum svæðið. Ýmislegt getur gerst í kvartmílu þar sem hraðinn er mikill og bíll sem fer út af á 200 km hraða fer yfir holt og hæðir og líka motocrossbrautir. Við viljum því alls ekki vera nálægt slíkri braut. Ennfremur rykar motocross brautin alltaf eitthvað upp sérlega á meðan við höfum ekki enn haft efni á úðarakerfi (er á kostnaðaráætlun kr. 400.000). Það getur ekki verið gott fyrir kvartmílubraut að fá slíkt yfir sig og eykur sjálfsgat á slyshættu hjá þeim. Ennfremur munu verða framkvæmdir við brautina og stórir bílar munu verða þarna á sveimi um ókomna framtíð og eykur það allt á hættu í umhverfinu.

Við sækjumst eftir því að vera úr sjón og heyrn. Við erum úr sjón af Hlíðarfjallsveginum á efra svæðinu og það er kostur. Við vitum hvernig Glerárgatan er þegar fótboltaleikir eru og þau slys sem hafa orðið þar af þeim völdum að ökumenn eru að horfa á leikinn en ekki að horfa á veginn.

Það munu e.t.v. einhverjir nefna sem ókost við efra svæðið að BA og KKA geti þá ekki samnýtt starfsmann eða lýsingu svo eitthvað sé nefnt. Starfssemi KKA og BA er ólík og á ekki saman. Við erum á torfærutækjum með tilheyrandi drullu og ryki. Þeir eru á malbiki á velbónuðum hraðskreiðum eðalvögnum. Það er ekki hægt að setja þessa starfssemi á sama blettinn. Ef hún er

ekki sett á sama blettinn þá verður lýsing ekki samnýtt, og jafnvel þó hún sé sett á sama blettinn þá yrði lýsing ekki samnýtt. Við munum ekki koma til með að byggja merkilega miðstöð þ.e. hús. Við þurfum hús undir tímatökubúnað og þess háttar og slíkt hús yrði alltaf að vera við braut KKA, hvort sem er og myndi ekki nýtast BA. BA þarf stórt hús undir bíla við þurfum lítið hús. Við leysum eftirlitsmál okkar með öðrum hætti en að ráða starfsmann í vinnu, slíkt er of dýrt. Ef við myndum leggja allt okkar eftirlit á slíkan starfsmann þá yrði hann að vera allan tímann á brautinni hjá KKA og myndi því ekki nýtast BA. BA myndi að sama skapi þurfa hann allan tímann á eða við brautir BA þannig að þetta er ekki hentugt í framkvæmd.

KKA hefur þegar fengið úthlutað 40.000 fermetrum af landi á því svæði sem við erum að óska eftir að fá núna. Ósk KKA er því að fá úthlutað stærra landi á sama stað sem sé, þ.e. í kringum landið sem þegar hefur verið úthlutað félaginu.

Fyrir hönd KKA leyfi ég mér að vona að Akureyrarbær sjái sér fært að verða við óskum KKA um úthlutun lands á efra svæðinu, sbr. það sem merkt hefur verið á kortið. Ef þetta gengur of langt í austur þá takmarkast umsóknin að sama skapi. KKA hefur mestan áhuga á því landi sem er vestast á myndinni.

Með von um að Akureyrarbær geti gengið til viðræðna við KKA um úthlutun þessa lands. Stjórn KKA leyfir sér að senda uppkast af landnýtingarsamningi á milli Akureyrarbæjar og KKA Akstursíþróttafélags.

Virðingarfyllst,

Þorsteinn Hjaltason, formaður KKA.

Meðfylgjandi:

1. Tillaga að samningi milli KKA og Akureyrarbæjar um land.
2. Landssvæði, ljósrit loftmyndar. Merkt með gulu inn það sem KKA hefur áhuga á að fá undir sína starfssemi (KKA er með hluta þessa lands þegar frá bænum).
3. Teikning af æfinga- og keppnissvæði.